



Viltu afrit?

Á síðustu árum hefur aukist sú tilhneiging afgreiðslufólks í verslunum að spyrja viðskiptavini hvort þeir vilji fá afrit. Ég hef í mörg ár starfað sem fararstjóri erlendis og þurft að safna öllum afritum fyrir bókhaldið mitt og finnst því sjálfsagt að þiggja og geyma afritin. Ég hugsa varla um það. En samkvæmt óformlegum rannsóknnum mínum afþakka 80-90% viðskiptavina í sumum íslenskum verslunum (t.d. bakaríum) afrit og mér skilst að afgreiðslufólk sé frekar ánæggt með þetta. Það sleppur við að prenta út afrit og afhenda það auk þess sem sjaldnar þarf að skipta um pappír í posanum.

Ég fann blogg færslu frá 2004 þar sem talað er um þessa hefð sem eitthvað sem hefur komið til „upp á síðkastið“ og mig grunar að hún hafi myndast smátt og smátt síðan um aldamót.

Nokkrum sinnum á hverju ári hef ég haft ástæðu til þess að gransa í afritaumslagi mínu. Þá er ég alltaf ánægður með að hafa safnað afritunum.

En ég er að velta fyrir mér hvort kominn sé tími til að hætta. Mér finnst næstum eins og það sé álitid smámunalegt eða hallærislegt að þiggja afritið. Ef til vill hugsa margir að það sé hversdagsleg kurteisni að gera búðinni smá greiða með því að sleppa afritinu, á sama hátt og búðirnar gera viðskiptavinum smá greiða með því að sleppa því að krefjast undirskriftar á minniháttar færslum?

Við spörum tíma – já, einhverjar sekúndur að minnsta kosti – með því að afþakka afritin og við spörum okkur líka fyrirhöfn, því við þurfum ekki að leggja frá okkur það sem við vorum að enda við að kaupa til þess að taka við þessum pappírssneplum.

En það er full ástæða til að geyma afritin:

- Til að passa upp á að allt hafi verið rétt slegið inn. Afgreiðslufólk í verslunum er mannlegt og stundum snúast mistök um nokkur hundruð eða jafnvel þúsundir króna.
- Til sönnunar ef bankinn okkar skráir færsluna vitlaust (sjá að neðan).
- Til staðfestingar ef við þurfum að skipta gallaðri vöru.
- Stundum er ekki spurning um hvort maður eigi að geyma afrit, t.d. í tengslum við stærri innkaup þar sem varan er í ábyrgð eða bara dýr. Einföld venja er að geyma öll afrit í staðinn fyrir að velta því fyrir sér í hvert skipti hvort varan sé nógu mikilvæg til að verðskulda slíka fyrirhöfn.

Ég hef heyrt þau rök að það þurfi ekki afrit þegar allt birtist rafrænt í heimabanka. En nýlega verslaði ég fyrir um það bil 3.500 kr. í matvöruverslun í Reykjavík. Þegar ég skoðaði heimabankann minn nokkrum dögum seinna tók ég eftir því að þessi sama upphæð kom tvisvar fyrir á reikningnum. Ég hringdi í verslunina. Starfsmaður hennar skoðaði bókhaldið sitt en fann bara eina færslu og sagði að vandamálið

væri sennilega hjá bankanum og að slík mistök hefðu komið upp áður. Ég hringdi í bankann sem bakfærði upphæðina. Þarna skipti máli að ég var með afritið og allar upplýsingar sem stóðu á því, svo sem færslunúmerið og tímasetninguna.

Áhættan er lítil þótt afritum við minnstu innkaup sé sleppt. Við borðum is eða samloku strax og ólíklegt er að við þurfum að koma daginn eftir til að skipta gallaðri pylsu. Hins vegar á afgreiðslumaðurinn alltaf að sýna upphæðina á afritinu sem hann ætlar að geyma fyrir sig enda þótt við sleppum afritinu og búðin gerir ekki kröfu um undirskrift

Mér hefur aldrei þótt það mikil fyrirhöfn að safna afritum. Ég set þau í veskið og síðar ósorteruð í umslag þegar veskið verður of þykkt.

Eftir áramót loka ég umslaginu og hendi umslagi fyrra árs. Afrit af dýrum hlutum sem eru í ábyrgð geymi ég í skjalamöppu með leiðbeiningabæklingunum.

Við gerum búðinni engan greiða með því að afþakka afritin. Við eigum þau skilið. Ákvörðun um að afþakka afrit er ákvörðun um það hversu mikla áhættu þú vilt taka. Afritið sannar samning milli seljandans og kaupandans og er hinn mesti styrkur fyrir neytandann þegar hann lendir í vandræðum. Best er að hugsa sig um áður en því er sleppt.